



Álverð ekki hærra í ríflega 5 ár

Álverð hefur farið hækkandi á síðustu ársfjórðungum og var meðalverðið á áltonninu 2.126 Bandaríkjadóllarar í september. Svo hátt hefur álverð ekki verið síðan í mars 2012, eða fyrir fimm og hálfu ári síðan. Í janúar á síðasta ári fór álverðið niður í tímabundið lágmark þegar verðið var 1.480 Bandaríkjadóllarar en þá hafði verðið ekki verið jafn lágt síðan í miðri alþjóðlegu fjármálakreppunni á fyrsta ársfjórðungi 2009. Verðið nú í september var því 44% hærra en í janúar á síðasta ári.

Offramleiðslu má rekja til Kína

Þessar verðhækkanir að undanförunu má að töluverðu leyti rekja til þróunar í kínverskri álframleiðslu og ákvarðana sem ráðamenn í Kína hafa tekið varðandi greinina. Kínverjar eru stærstu álframleiðendur í heimi með tæplega 60% heimsframleiðslunnar. Framleiðslugetan í Kína á ársgrundvelli fór úr 5,4 milljónum tonna árið 2002 og upp í 43,7 milljónir í júní síðastliðnum. Margir hafa verið á þeirri skoðun að heimsframleiðslan hafi lengi verið of mikil og þar með framboðið. Það hefur komið niður á tekjum í greininni og afkomu en rekstur margra álvera hefur verið í járnnum á síðustu árum. Kínversk stjórnvöld hafa varað við of mikilli framleiðslugetu í landinu síðan árið 2002 en ekki gripið til neinna teljandi aðgerða fyrr en nú.

Kínversk stjórnvöld munu draga verulega úr framleiðslunni

Kínversk stjórnvöld hafa nú ákveðið að draga úr álframleiðslu í landinu með tvennum hætti samkvæmt kínverska viðskiptafjölmíðlinum Caixin¹. Annars vegar hafa stjórnvöld sagst ætla að loka fyrir álframleiðslu þeirra fyrirtækja sem uppfylla ekki opinber skilyrði til framleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að þetta muni minnka álframleiðslu í landinu um 12,8 milljónir tonna á ársgrundvelli en það er um 29% af framleiðslugetu Kína. Hins vegar hefur þeim álverum í landinu sem menga mest verið gert skylt að draga úr framleiðslu sinni um 30% yfir 5 mánaða tímabil sem stendur frá og með nóvember




¹ <https://www.caixinglobal.com/2017-09-27/101151249.html>



næstkomandi. Framleiðslugeta þeirra álvera sem fellur undir þessi 30% er 12 milljónir tonna á ársgrundvelli.


Álútflutningur lengi verið stór hluti af útflutningi Íslands

Álútflutningur hefur lengi verið ein af meginstoðum útflutnings hér á landi. Á síðasta ári nam heildarútflutningur áls og álafurða 182 mö.kr. en til samanburðar nam heildarútflutningur sjávarafurða 232 mö.kr. og heildarútflutningur ferðaþjónustu 466 mö.kr. Álframleiðsla hófst hér á landi árið 1969 þegar álverið í Straumsvík tók til starfa og náði hlutfall áls í heildarvöruútflutningi landsins rúmlega 17% árið 1973. Útflutningur jókst enn með tilkomu Norðuráls á Grundartanga en álútflutningur tók risastökk með tilkomu Reyðaráls, en á milli árána 2005 og 2009 þrefaldaðist álframleiðsla hér á landi. Hlutfall áls í vöruútflutningi landsins fór úr 18,5% árið 2005 og upp í 39% árið 2008. Á þessu tímabili hafði verðhækkun á áli einnig töluverð áhrif en heimsmarkaðsverð á áli hækkaði um 38% milli 2005 og 2008.



Rúmlega 40% útflutningsverðmætisins verður eftir hér á landi

Stærsti hluti útflutningsverðmætis áls verður ekki eftir hér á landi heldur leitar út fyrir landssteinana í formi ýmiss kostnaðar við framleiðsluna, arðs, vaxtagreiðslna og þess háttar, enda álverin hér á landi í eigu erlendra aðila. Töluverður hluti teknanna verður þó eftir hér á landi. Á árabílinu 2011-2015 varð að meðaltali 40,5% af útflutningi hvers árs eftir hér á landi. Hlutfallið lá á þessu tímabili á milli 37,2% og upp í 42,9%. Hlutfallið ræðst m.a. af gengi Bandaríkjadals gagnvart krónu og heimsmarkaðsverði áls. Eftir því sem verð Bandaríkjadals var lægra á tímabilinu, þeim mun hærra var hlutfall innlends kostnaðar. Það helgast að miklu leyti af því að sumir innlendir kostnaðarliðir eru lítt breytanlegir, eins og t.d. launakostnaður. Hlutfall innlends kostnaðar fylgdist einnig að við heimsmarkaðsverð áls og var hlutfallið lægra eftir því sem heimsmarkaðsverðið var hærra. Það skýrist einnig af því að hluti innlends kostnaðar er ekki háður tekjum. Þarna á móti vegur þó að hluti raforkusamninga á þessu tímabili var bundinn heimsmarkaðsverði áls. Dregið hefur úr álverðstengingunni á undanförunum árum samfara






nýjum samningum milli álveranna og raforkuframleiðenda. Sem dæmi var raforkusamningur milli Norðuráls og Landsvirkjunar endurnýjaður fyrir nokkru og fylgir hann markaðsverði raforku á Nord Pool raforkumarkaðnum.

Stærsti innlendi kostnaðarliðurinn er raforka

Það sem eftir verður hér á landi eru t.d. launakostnaður, raforkukostnaður og ýmis kaup á vöru og þjónustu. Stærsti innlendi kostnaðarliður álvera hefur lengi verið raforkukaup en raforkukostnaðurinn nam 41 ma.kr. árið 2015, eða um 45% af innlendum kostnaði. Næst þar á eftir eru kaup á ýmsum vörum og þjónustu (29,6 ma.kr.) en síðan koma laun og launatengd gjöld (16 ma.kr.). Opinber gjöld námu samtals 4,9 mö.kr. og styrkir til samfélagsmála 200 m.kr.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.



Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.